

Upplýsingar með ársreikningi

Kennitala:	Nafn:		
480600-2150	Eyrir Invest hf.		
Reikningsár:	Reikningstegund:	Dagsetning aðalfundar:	Ársverk
2017	Ársreikningur	12.4.2018	5

Stjórnarmenn

Kennitala	Nafn
150549-4939	Þórður Magnússon
200547-3149	Jón Helgi Guðmundsson
271249-4629	Sigurjón Jónsson
221069-3239	Ólafur Steinn Guðmundsson
020357-5689	Ingólfur Guðmundsson
010970-3699	Ása Ólafsdóttir
290573-5649	Hreiðar Bjarnason

Framkvæmdastjórar

Kennitala	Nafn
061054-4139	Margrét Jónsdóttir
110378-5999	Sigfús Ragnar Oddsson
210968-3859	Örn Valdimarsson

Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn
5909750449	KPMG ehf.

Tíu stærstu hluthafar

Kennitala	Nafn	Hluttur %	Hlutfé
471008-0280	Landsbankinn hf.	21,99	218461698
150549-4939	Þórður Magnússon	18,67	185464408
070469-3169	Árni Oddur Þórðarson	15,12	150148600
430269-6669	Lífeyrissj.starfsm.rik. B-deild	10,44	103670692
430269-4459	Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,17	101000000
500615-0870	SJ Fjárfestingafélag ehf.	3,49	34652817
480616-9950	Aneta Limited	3,02	30000000
430269-0389	Birta Lífeyrissjóður	2,81	27897600
591112-1120	Noruz hf.	2,65	26370334

Hluthafar

Kennitala	Nafn	Hluttur %	Hlutfé
480616-9950	Aneta Limited	3,02	30.000.000
070469-3169	Árni Oddur Þórðarson	15,12	150.148.600
530807-0610	Árni Oddur Þórðarson ehf	1,18	11.739.802
700511-9790	Aurora Continental S.a.r.l.	1,21	12.000.000
430269-0389	Birta Lífeyrissjóður	2,81	27.897.600
480600-2150	Eyrir Invest hf.	0,22	2.184.671
571171-0239	Festa - Lífeyrissjóður	1,13	11.176.923
650712-9940	Klondike Group (Malta) Limited	2,30	22.867.866
471008-0280	Landsbankinn hf.	21,99	218.461.698
430269-6669	Lífeyrissj.starfsm.rik. B-deild	10,44	103.670.692
430269-4459	Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,17	101.000.000
580572-0229	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	0,56	5.588.462
591112-1120	Noruz hf.	2,65	26.370.334
500615-0870	SJ Fjárfestingafélag ehf.	3,49	34.652.817
670704-2460	Snæból ehf.	2,46	24.434.342
700511-9870	Stenton Consulting S.a.r.l.	1,21	12.000.000
150549-4939	Þórður Magnússon	18,67	185.464.408
610105-0170	TMfé ehf.	1,37	13.649.433

Upplýsingar með ársreikningi

Kennitala:	Nafn:		
480600-2150	Eyrir Invest hf.		
Reikningsár:	Reikningstegund:	Dagsetning aðalfundar:	Ársverk
2017	Ársreikningur	12.4.2018	5

Stjórnarmenn

Kennitala	Nafn
150549-4939	Þórður Magnússon
200547-3149	Jón Helgi Guðmundsson
271249-4629	Sigurjón Jónsson
221069-3239	Ólafur Steinn Guðmundsson
020357-5689	Ingólfur Guðmundsson
010970-3699	Ása Ólafsdóttir
290573-5649	Hreiðar Bjarnason

Framkvæmdastjórar

Kennitala	Nafn
061054-4139	Margrét Jónsdóttir
110378-5999	Sigfús Ragnar Oddsson
210968-3859	Örn Valdimarsson

Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn
5909750449	KPMG ehf.

Tíu stærstu hluthafar

Kennitala	Nafn	Hluttur %	Hlutfé
471008-0280	Landsbankinn hf.	21,99	218461698
150549-4939	Þórður Magnússon	18,67	185464408
070469-3169	Árni Oddur Þórðarson	15,12	150148600
430269-6669	Lífeyrissj.starfsm.rik. B-deild	10,44	103670692
430269-4459	Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,17	101000000
500615-0870	SJ Fjárfestingafélag ehf.	3,49	34652817
480616-9950	Aneta Limited	3,02	30000000
430269-0389	Birta Lífeyrissjóður	2,81	27897600
591112-1120	Noruz hf.	2,65	26370334

Hluthafar

Kennitala	Nafn	Hluttur %	Hlutfé
480616-9950	Aneta Limited	3,02	30.000.000
070469-3169	Árni Oddur Þórðarson	15,12	150.148.600
530807-0610	Árni Oddur Þórðarson ehf	1,18	11.739.802
700511-9790	Aurora Continental S.a.r.l.	1,21	12.000.000
430269-0389	Birta Lífeyrissjóður	2,81	27.897.600
480600-2150	Eyrir Invest hf.	0,22	2.184.671
571171-0239	Festa - Lífeyrissjóður	1,13	11.176.923
650712-9940	Klondike Group (Malta) Limited	2,30	22.867.866
471008-0280	Landsbankinn hf.	21,99	218.461.698
430269-6669	Lífeyrissj.starfsm.rik. B-deild	10,44	103.670.692
430269-4459	Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,17	101.000.000
580572-0229	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	0,56	5.588.462
591112-1120	Noruz hf.	2,65	26.370.334
500615-0870	SJ Fjárfestingafélag ehf.	3,49	34.652.817
670704-2460	Snæból ehf.	2,46	24.434.342
700511-9870	Stenton Consulting S.a.r.l.	1,21	12.000.000
150549-4939	Þórður Magnússon	18,67	185.464.408
610105-0170	TMfé ehf.	1,37	13.649.433

Eyrir Invest hf.
Ársreikningur 2017
Í evrum

Eyrir Invest hf.
Skólavörðustíg 13
101 Reykjavík

Kt. 480600-2150

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisýfirlit	11
Skýringar	12

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Eyrir Invest hf. er alþjóðlegt fjárfestingarfélag sem leggur áherslu á fjárfestingar í iðnfyrirtækjum og félögum sem hafa burði til að verða markaðsleiðandi á heimsvísu. Með markaðsleiðandi stöðu ná félögin stærðarhagkvæmni og skapa þannig virði fyrir viðskiptavinum, starfsmenn og hluthafa. Eyrir Invest hf. hóf starfsemi 8. júní 2000.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og auk íslenskra ákvæða um upplýsingargjöf ársreikninga félaga sem skráð eru í kauphöll. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er evra (EUR).

Rekstur og fjárhagsleg staða 2017

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti yfir heildarafkomu nam hagnaður félagsins EUR 110,0 milljónum og heildarafkoma nam EUR 110,0 milljónum. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu EUR 560,4 milljónum, eigið fé í árslok nam EUR 368,6 milljónum og eiginfjárlutfall var 65,8%.

Helstu eignir félagsins eru 25,9% eignarhlutur í Marel hf. og 43,4% hlutur í Eyrir Sprotum slhf. Eyrir hefur verið stærsti hluthafi í Marel hf. frá árinu 2005, en á þeim tíma hefur Marel vaxið gríðarlega með innri og ytri vexti. Eyrir Sprotar slhf. fjárfestir í lofandi vaxtarfyrirtækjum. Í eignasafni Eyrir Sprotar í lok árs 2017 eru tíu félög. Eyrir Invest á einnig þriðjungshlut í Efni Media ehf., félagi sem sérhæfir sig í sölu á vörum og þjónustu í gegnum internetið og samfélagsmiðla.

- Marel er í fararbroddi á heimsvísu í þróun hátækniþúnaðar og kerfa til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Marel starfrækir skrifstofur og dótturfyrirtæki í yfir en 30 löndum, auk 100 umboðsmanna og dreifingaraðila. Tekjur Marel árið 2017 námu EUR 1.038 milljónum. Starfsmenn Marel eru um 5.100 um heim allan. Marel er eitt af stærstu skráðu félögum á NASDAQ OMX Iceland og 99% af tekjum Marel eiga uppruna sinn utan Íslands.
- Eyrir Sprotar einbeittir sér að fjárfestingu í og stuðningi við efnileg sprota- og vaxtarfélög með áherslu á alþjóðlegan vöxt og verðmætasköpun í samræmi við "Buy and Build" stefnuna sem Eyrir Invest hefur fylgt frá stofnun. Eyrir Sprotar byggir þannig á stefnu Eyrir um virka þátttöku eiganda sem styður sprota- og vaxtarfélög til vaxtar og þroska.

Í febrúar 2017 tilkynnti stjórn félagsins öllum eigendum hluta í B flokki, að félagið hygðist leysa til sín alla hluti í B flokki. Samþykktir félagsins kveða á um að í því tilviki geti eigendur hluta í B flokki valið hvort þeir vilji sæta innlausn allra hluta í sinni eigu eða skipta á þeim og hlutum í A flokki. Eigendur að 57% hluta í B flokki völdu að fá hluti í A flokki í skiptum fyrir bréf sín og eigendur að 43% hluta í B flokki kusu að selja félaginu bréf sín fyrir EUR 10,8 milljónir.

Á árinu 2017 seldi Eyrir Invest hf. 25 milljón hluti í Marel hf. fyrir EUR 66,9 milljónir. Eftir söluna á félagið 25,9% hlut í Marel. Á árinu fjárfesti Eyrir í Efni Media ehf., félagi sem selur vörur og þjónustu í gegnum internetið og á samfélagsmiðlunum. Eyrir Invest hf. fjárfesti einnig í Eyrir sprotum slhf. fyrir EUR 3,6 milljónir á árinu.

Á aðalfundi félagsins 2017 var samþykkt að félagið gerði hluthöfum sínum tilboð um kaup á eigin hlutum á fyrirfram ákveðnu verði. Í kjölfarið keypti félagið eigin hluti fyrir EUR 748 þúsund.

Eignarhlutir félagsins í Marel eru færðir á gangvirði, notað er síðasta viðskiptaverð uppgjörstímabilsins eins og það er skráð á NASDAQ OMX Iceland hf.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu 2017 var fimm.

Upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringum ársreikningsins, sjá sérstaklega skýringu 5.

Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð fimm til sjö stjórnarmönnum sem eru kjörnir á aðalfundi félagsins ár hvert. Þórður Magnússon er formaður stjórnar og hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun þess árið 2000. Aðrir í stjórn eru: Ása Ólafsdóttir, Hreiðar Bjarnason, Ingólfur Guðmundsson, Jón Helgi Guðmundsson, Dr. Ólafur Steinn Guðmundsson og Sigurjón Jónsson.

Meirihluti stjórnar er óháður félaginu og stærstu hluthöfum þess. Þórður Magnússon, formaður stjórnar, er meðstofnandi að Eyri Invest og stór hluthafi í félaginu. Hreiðar Bjarnason er starfsmaður Landsbankans hf., sem á 22,0% hlut í Eyri Invest hf.

Stjórnarhættir

Stjórn Eyris Invest hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (síðast úgefið í maí 2015). Leiðbeiningarnar má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Í megindráttum fylgir félagið Leiðbeiningum um stjórnarhætti og leggur áherslu á að upplýsingar um rekstur og aðgerðir séu gegnsæjar. Félagið hefur þó ekki skipað tilnefningarnefnd til ráðgjafar við val á frambjóðendum í stjórn, þar sem það hefur ekki talið þörf á því.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart framkvæmdastjórum. Núverandi starfsreglur voru settar í desember 2009 og síðast endurskoðaðar 15. september 2017. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira.

Félagið útbýr árs- og árshlutareikning og fylgist reglubundið með áhættu, auk þess að aðgreina störf og setja verkferla til að lágmarka áhættu í rekstri félagsins. Í endurskoðunarnefnd situr stjórnin í heild sinni, en nefndin hefur það hlutverk að tryggja gæði fjárhagslegra upplýsinga félagsins. Allir stjórnarmenn utan stjórnarformanns sitja í starfskjaranefnd félagsins.

Á rekstrarárinu 2017 voru haldnir tíu stjórnarfundir og einn fundur í Starfskjaranefnd. Fundir Endurskoðunarnefndar falla saman við stjórnarfundi. Í öllum tilvikum mætti meirihluti stjórnar og nefndarmanna á fundina.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hluthafar 14 í byrjun og lok árs. Tíu stærstu hlutafar eru:

	31.12.2017	31.12.2016
Landsbankinn hf.	22,0%	23,0%
Pórður Magnússon	18,7%	19,6%
Árni Oddur Þórðarson*	16,3%	17,1%
Ríkissjóður Íslands	10,5%	10,9%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	10,2%	10,6%
Kvika safnreikningur	4,7%	0,0%
Sigurjón Jónsson	3,5%	3,8%
Aneta Limited	3,0%	0,0%
Birta Lífeyrissjóður	2,8%	0,0%
Noruz hf.	2,7%	0,0%

*Hlutir í eigu Árna Odds Þórðarsonar og félags í hans eigu og undir hans stjórn.

Stjórn félagsins vísar til ársreiknings um meðferð hagnaðar ársins og annarra breytinga á eigin fé. Tillaga um arðgreiðslu verður lögð fyrir aðalfund.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 ásamt rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2017 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjórar Eyris Invest hf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjórar leggja til við aðalfund félagsins að samþykka ársreikninginn.

Reykjavík, 8. febrúar 2018


Í stjórn félagsins:








Framkvæmdastjórar:





Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Eyrir Invest hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Við höfum endurskoðað ársreikning Eyrir Invest hf. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjórnar eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 8. febrúar 2018

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Fjármunatekjur			
Matsbreyting verðbréfa		116.955	52.896
Matsbreyting og hlutdeild í afkomu dótturfélaga		697	1.202
Þóknunartekjur frá dótturfélögum		674	450
Arðstekjur		4.325	3.389
Vaxtatekjur		872	1.980
Vaxtagjöld	(	10.260)	(11.248)
Gengismunur	(	1.248)	(5.033)
Hreinar fjármunatekjur		112.015	43.636
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	1.524	1.338
Annar rekstrarkostnaður		463	391
Rekstrargjöld		1.987	1.729
Heildarhagnaður ársins		110.028	41.907
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður á hlut (í evru centum)	13	11,21	4,17
Þynntur hagnaður á hlut (í evru centum)	13	-	3,75

Skýringar á bls. 12-28 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Handbært fé	7	49.970	3.370
Verðbréf	9	506.099	450.508
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	2.574	1.617
Bundið handbært fé	8	0	7.596
Rekstrarfjármunir	11	1.783	1.845
Eignir samtals		560.426	464.936
 Eigið fé			
Hlutfé		5.953	6.217
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár		90.157	101.441
Þýðingarmunur		3.767	4.262
Óinnleyst gangvirði		110.314	54.098
Óráðstafað eigið fé		158.421	104.114
Eigið fé samtals	12	368.612	270.132
 Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	14,15	191.471	194.437
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		343	367
Skuldir samtals		191.814	194.804
 Eigið fé og skuldir samtals		560.426	464.936

Skýringar á bls. 12-28 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit ársins 2017

Skýr.	Hlutfé*	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Þýðingar- munur	Óinnleyst gangvirði	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
2016						
Eigið fé 1.1.2015	6.570	112.706	4.262	0	123.849	247.387
Greiddur forgangsarður					(7.544)	(7.544)
Kaup á eigin hlutum	(353)	(11.265)				(11.618)
Heildarhagnaður ársins				54.098	(12.191)	41.907
Eigið fé 31.12.2015 12	6.217	101.441	4.262	54.098	104.114	270.132
2017						
Eigið fé 1.1.2017	6.217	101.441	4.262	54.098	104.114	270.132
Kaup á eigin hlutum	(13)	(735)				(748)
Innlausn B hluta með reiðufé	(267)	(10.533)				(10.800)
Innlausn B hluta gegn A hlutum	(356)	(10.094)				(10.450)
Útgefnir nýir A hlutir 12	373	10.077				10.450
Innlausn þýðingarmunar 12			(495)		495	0
Heildarhagnaður ársins				56.216	53.812	110.028
Eigið fé 31.12.2016 12	5.954	90.156	3.767	110.314	158.421	368.612

*Hlutfé

	31.12.2017	31.12.2016
A hlutfé	5.954	5.594
B hlutfé	0	623
Samtals hlutfé	5.954	6.217

Skýringar á bls. 12-28 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Heildar hagnaður ársins		110.028	41.907
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Matsbreyting verðbréfa	(	116.955)	(52.896)
Matsbreyting og hlutdeild dótturfélaga	(	697)	(1.202)
Arðstekjur	(	4.325)	(3.389)
Vaxtatekjur	(	872)	(1.980)
Vaxtagjöld		10.260	11.248
Gengismunur		1.248	5.033
Afskriftir	11	60	62
Veltufé til rekstrar		(1.253)	(1.217)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(980)	(733)
Handbært fé til rekstrar fyrir vexti		(2.233)	(1.950)
Innborgaðar vaxtatekjur		1.592	1.092
Þóknunartekjur frá dótturfélögum		674	450
Móttekinn arður		4.325	3.389
Greidd vaxtagjöld		(10.171)	(17.831)
Handbært fé til rekstrar		(5.813)	(14.850)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í eignarhlut í dótturfélagi	(	3.638)	(6.394)
Fjárfesting í verðbréfum	(	1.973)	(544)
Seld verðbréf		66.879	41.228
Bundið handbært fé, breyting		7.596	11.811
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	0	(7)
Fjárfestingarhreyfingar		68.864	46.094
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur forgangsarður		0	(7.544)
Keypt eigin bréf	(	11.547)	(11.618)
Afborganir af lánum	(	401)	(12.183)
Fjármögnunarhreyfingar		(11.948)	(31.345)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		51.103	(101)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(	4.503)	1.994
Handbært fé í ársbyrjun		3.370	1.477
Handbært fé í árslok	7	49.970	3.370
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Endurfjármögnun langtímalána		0	199.118
Greidd langtímalán		0	(199.118)

Skýringar

1. Félagið

Eyir Invest hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru á Skólavörðustíg 13, Reykjavík.

Eyir Invest hf. er alþjóðlegt fjárfestingarfélag sem leggur áherslu á fjárfestingar í fyrirtækjum sem hafa burði til að verða leiðandi á alþjóðamarkaði. Í krafti leiðandi stöðu sinnar geta þessi fyrirtæki náð stærðarhagkvæmni og auknum verðmætum fyrir viðskiptavinum sínum, starfsfólki og hluthafa.

Stjórnendur félagsins telja félagið uppfylla skilgreiningu á fjárfestingarfélagi í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Því eru fjárfestingar í dótturfélögum metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og ekki er gerður samstæðuársreikningur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Eignir og skuldir í efnahagsreikningi eru settar fram í lausafjárröð sem er talin vera meira viðeigandi fyrir félagið en að sýna fastafjármuni og veltufjármuni. Fyrir hvern eigna- og skuldalið sem samanstendur af fjárhæð sem vænst er að verði endurheimt eða gerð upp eftir meira en 12 mánuði, er birt greiðsluáætlun í skýringum.

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga. Félagið birtir ekki samstæðureikning.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins þann 8. febrúar 2018.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að því undanskildu að verðbréf og eignarhlutir í dótturfélögum eru metnir á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat gangvirðis í skýringu 3b.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum evra nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda er að finna í skýringu 4i.

e. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðar félagsins og skýringar krefjast mats á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað fyrir mat og/eða skýringar samkvæmt neðangreindum aðferðum. Þegar við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði í skýringum um viðkomandi eign eða skuld.

Félagið hefur komið upp ferli vegna ákvörðunar gangvirðis. Í því felst að stjórnendur bera ábyrgð á öllum mikilvægum ákvörðunum um gangvirði, þ.m.t. ákvarðanir vegna matsaðferða sem falla undir 2. þrep gangvirðismats.

Stjórnendur fara reglulega yfir mikilvægar forsendur sem eru ógreinanlegar á markaði. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það þrep sem slíkt mat myndi falla undir.

Skýringar, frh.:

e. Ákvörðun gangvirðis, frh.:

Fjárfesting í verðbréfum í efnahagsreikningi samanstendur af fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum. Gangvirði skráðra hlutabréfa á virkum markaði er ákvarðað út frá skráðu markaðsverði þeirra á uppgjörsdegi án þess að dreginn sé frá áætlaður á sölukostnaður.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning, er gangvirði ákvarðað með verðmatsaðferð, þar á meðal er stuðst við nýleg viðskipti á milli óskyldra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta, vísað í gildandi gangvirði annarra gerninga sem eru að miklu leyti eins, núvirðisgreiningu sjóðstreymis, verðmatslíkön valréttarsamninga eða annarra verðmatsaðferða sem gefur áreiðanlegt mat á verði raunverulegra markaðsviðskipta.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir tengdar fjármálagerningum

Þeim reikningsskilaaðferðum sem verður lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhaldi. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnstæður.

Í skýringu 3c er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Félagið skilgreinir verðbréfaeignir og dótturfélög sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald þar sem félagið stýrir verðbréfakaupum og sölu á grundvelli gangvirðis þeirra. Við upphaflega skráningu er viðskiptakostnaður sem rekja má beint til kaupa fjáreignarinnar færður í rekstrarreikning. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði og eru gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Hlutafé

Almennir hlutir

Almennt hlutafé er hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu þeirra er færður til lækkunar á eigin fé.

B hlutabréf (forgangshlutir)

Á árinu 2017 innleysti félagið alla útistandandi B hluti í félaginu. Innlausnin var greidd með reiðufé (43%) og nýjum útgefnum A hlutum (57%).

Kaup á eigin hlutum

Þegar félagið kaupir eigin hluti, er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútgefnir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á óráðstafað eigið fé.

Arður

Arður er færður til lækkunar á eigin fé við ákvörðun.

Skýringar, frh.:

a. Fjármálagæringar, frh.:

(iii) Verðbréf

Þegar núvirt framtíðarsjóðstreymi er notað er áætlað framtíðarsjóðstreymi byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkröfu á markaði á uppgjörssdegi fyrir gerninga með svipuðum kjörum og skilyrðum. Þar sem önnur verðlíkön eru notuð eru forsendur byggðar á markaðsgögnum á uppgjörssdegi. Gangvirði óskráðra fjármálagæringa er metið, ef mögulegt er, með því að nota verð/hagnaðarhlutföll fyrir svipuð skráð félög með þeim leiðrættinum sem þarf til að endurspegla sérstakar aðstæður útgefandans.

(iv) Viðskiptakröfur

Gangvirði viðskiptakrafna er vænt framtíðarsjóðstreymi á uppgjörssdegi, núvirt með markaðsvöxtum.

(v) Fjárskuldir sem ekki eru afleiður

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

b. Fjármagnstekjur

(i) Hreinn hagnaður af verðbréfum

Hreinn hagnaður af fjárfestingum í verðbréfum innifelur hreinan hagnað eða tap af sölu verðbréfa, breytingar á gangvirði fjárfestinga, gengismun, öðrum en áhættuvörnum vegna gjaldmiðla, viðskiptakostnað, arðstekjur og vaxtatekjur. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þann dag sem réttur til greiðslu er staðfestur.

(ii) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru skráð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirði áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagæringarsins til bókfærðs verðs fjármálagæringarsins.

(iii) Gengismunur

Hreinn gengishagnaður (tap) eru allar gengisbreytingar vegna peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Hreinn gengishagnaður og tap er fært nettó.

4. Aðrar mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðli félagsins á stundargengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem verður til vegna umreiknings í starfrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikning að undanskildum gengismun sem myndast vegna fjármálagæringa sem færðir eru á gangvirði í rekstrarreikning, en þar er gengismunurinn færður sem hluti af matsbreytingunni.

b. Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Ekki er gerður samstæðuársreikningur og er hlutdeild í afkomu dótturfélaga færð í rekstrarreikning.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar, frh.:

c. Rekstrarfjármunir, frh.:

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	3-5 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

d. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun vegna fjáreigna er metin á afskrifuðu kostnaðarverði sem mismunurinn á bókfærðu verði þeirra og núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi afvöxtuðu með upphaflegum virkum vöxtum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

Bókfært verð annarra eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Sé eitthvað slíkt til staðar er endurheimtanlegt virði hennar áætlað.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem mestu sjálfstæður frá öðrum eignum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

e. Hlunnindi starfsmanna

Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði eru greidd vegna starfsmanna. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda þegar þau falla til.

f. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir í aðra heildarafkomu eða beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn einnig færður þar.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skýringar, frh.:

f. Tekjuskattur, frh.:

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar og eignarhluta í öðrum félögum. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

g. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu fyrir þynningaráhrifum af útgefnum breytanlegum skuldabréfum og kaupréttarsamningum sem gerðir hafa verið við starfsmenn.

h. Nýir reikningsskilastaðlar

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og endurbætur á stöðlum munu taka gildi fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2018 en heimilt er að beita þeim fyrr. Félagið hefur ekki nýtt heimildirnar við gerð þess við þessa ársreikning. Gert er ráð fyrir að upptaka þessa nýju staðla muni hafa óverulegar breytingar í för með sér fyrir félagið.

i. Reikningshaldslegt mat

Ákvörðun gangvirðis fjármálagerninga og dótturfélaga

Eins og fram kemur í skýringu 2e eru verðbréf og eignahlutir í dótturfélögum metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Fyrir suma þessa fjármálagerninga er til markaðsverð. Hins vegar eru fjármálagerningar, til dæmis, óskráð verðbréf þar sem gangvirði er ákvarðað með verðmatsaðferð, þar sem meðal annars er stuðst við nýleg viðskipti á milli óskyldra aðila, vísað í gildandi gangvirði annarra gerninga sem eru að miklu leyti eins.

Gangvirðismat er gert á tilteknum tímapunkti, miðað við aðstæður á markaði og upplýsingar um fjármálagerninginn. Slik mót eru í eðli sínu huglæg og taka til dæmis mið af t.d. vöxtum, flökti, áætluðu sjóðstreymi og fleira og því ekki hægt að ákvaða með nákvæmni.

Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna

Eignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eru metnar með tilliti til virðisrýrnunar á grundvelli sem lýst er í skýringu 4d(i). Mat á virðisrýrnun er byggt á besta mati stjórnenda á væntu núvirtu sjóðstreymi. Við mat á þessu sjóðstreymi meta stjórnendur fjárhagsstöðu mótaðilans og hreinu söluvirði allra undirliggjandi trygginga.

Ákvörðun virðisrýrnunar annarra eigna

Aðrar eignir eru reglulega metnar með tilliti til virðisrýrnunar. Mat á virðisrýrnun er byggt á mati stjórnenda á framtíðarsjóðstreymi og ávöxtunarkröfu.

Flokkun fjármálagerninga

Reikningsskilaaðferðir félagsins veita svigrúm til að meta verðbréf á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Með því að gera það, hafa stjórnendur ákvarðað að uppfyllt séu skilyrði sem sett eru fram í skýringu 3a(i).

5. Áhættustýring

Yfirlit

Félagið á afleiður og aðra fjármálagerninga í samræmi við fjárfestingarstefnu. Eignasafn félagsins samanstendur af skráðum og óskráðum eignarhlutum og skuldabréfum. Í árslok 2016 og 2015 voru engir afleiðusammningar í gildi.

Fjárfestingar félagsins fela í sér ýmsar tegundir af áhættu sem eru tengdar fjármálagerningum og mörkuðum sem það fjárfestir. Félagið stendur frammi fyrir eftirfarandi mikilvægum áhættum vegna fjármálagerninga:

- * lánsáhætta
- * lausafjáráhætta
- * markaðsáhætta

Þessi skýring upplýsir um áhrif ofangreindra áhætta á félagið, markið félagsins, stefnu og ferla til að mæla og stýra áhættunni og fjármagni.

Stjórn ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjórum daglegt eftirlit með áhættustjórnunarstefnu félagsins.

Áhættustjórnunarstefna félagsins er ætlað að ber kennsl á og greina áhættu hjá félaginu, setja viðeigandi mörk og eftirlit, vakta áhættu og fylgja viðmiðunarmörkum. Áhættustjórnunarstefna og aðgerðir eru yfirfarin reglulega til að bregðast við breytingum á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Takmark félagsins er að með þjálfun og starfsferlum, sé að þróað eftirlitsumhverfi þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Félagið lágmarkar áhættuna með því að gera einungis samninga við traustar og vel þekktar fjármálastofnanir ásamt því að fylgjast með lánsáhættu sinni að staðaldri.

Til að draga úr lánsáhættu í tengslum við fjármálagerninga gerir félagið almennt jöfnunarsamninga sem gerir því kleift að skuldajafna alla samninga sem jöfnunarsamningurinn tekur til ef til vanskila kemur.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	Bókfært verð	
	2017	2016
Handbært fé	49.970	3.370
Skammtímakröfur	2.574	1.617
Bundið handbært fé	0	7.596
	52.544	12.583

Gjaldfallnar og virðisrýrðar eignir

Engar skammtímakröfur voru gjaldfallnar eða niðurfærðar á árunum 2016 og 2017.

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.:

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi ávallt handbært laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Fjármálagerningar félagsins geta innihaldið fjárfestingar í óskráðum félögum og afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á opnum markaði og getur því reynst erfitt að breyta þeim í lausafé. Aðstæður geta því skapast þar sem félagið getur ekki selt þessar fjárfestingar á gangvirið til þess að mæta bráðum lausafjárvanda. Óskráðir fjármálagerningar voru 3,1% af heildareignum í árslok 2017 (2016: 2,7%).

Félagið lágmarkar lausafjáráhættu með því að fylgja lausafjárstefnu sem á að tryggja nægt lausafé ásamt því að stýra eignasafni sínu þannig að stærstur hluti eigna félagsins séu skráðar á markaði og séu auðseljanlegar við eðlileg markaðsskilyrði.

Félagið er ekki með lánalínur við fjármálastofnanir í árslok 2017.

Greining á afborgunum fjárskulda

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

31. desember 2017

	Bókfært verð	Umsamið sjóð- streymi	Innan árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Meira en 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Vaxtaberandi skuldir	191.471	228.229	18.914	23.261	185.197	857
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	343	344	344	0	0	0
	191.814	228.573	19.258	23.261	185.197	857

31. desember 2016

Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:

Vaxtaberandi skuldir	194.437	246.574	10.812	20.269	71.451	144.042
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	367	367	367	0	0	0
	194.804	246.941	11.179	20.269	71.451	144.042

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og hlutabréfa hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Starfsfólk félagsins sér um að stýra markaðsáhhættu þess í samræmi við stefnu félagsins.

Yfirlit um fjárfestingar félagsins á uppgjörssdegi er að finna í skýringu 9.

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.:

Markaðsáhætta, frh.:

(i) Gengisáhætta

Félagið býr við gengisáhættu vegna fjárfestinga, handbærs fjár og lántöku.

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var á nafnvirði sem hér segir:

31. desember 2017	ISK	USD	Aðrir gjaldmiðlar
Fjármálagerningar	507.473	0	258
Skammtímakröfur	2.574	0	0
Handbært fé	49.865	9	1
Bundið handbært fé	0	0	0
Vaxtaberandi skuldir	(50.241)	0	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(315)	0	0
Áhætta í efnahagsreikningi	509.356	9	259

31. desember 2016	ISK	USD	Aðrir gjaldmiðlar
Fjármálagerningar	450.230	0	278
Skammtímakröfur	1.617	0	0
Handbært fé	3.326	16	1
Bundið handbært fé	7.595	0	0
Vaxtaberandi skuldir	(53.316)	0	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(356)	0	0
Áhætta í efnahagsreikningi	409.096	16	279

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2017	2016	2017	2019
ISK	120,87	133,96	125,40	119,46
USD	1,13	1,11	1,20	1,06

Næmigreining

10% styrking (veiking) evru gagnavart eftirfarandi gjaldmiðlum í árslok 2017 hefði hækkað (lækkað) afkomu fyrir tekjuskatt um þær fjárhæðir sem koma fram í töflunni hér fyrir neðan. Greiningin gerir ráð fyrir því að aðrar breytur, sér í lagi vextir, haldist óbreyttar og er gerð á sama grundvelli og árið 2016.

	2017	2016
ISK	(50.936)	(40.910)
USD	(1)	(2)
Aðrir gjaldmiðlar	(26)	(28)

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.: Markaðsáhætta, frh.:

(ii) Vaxtaáhætta

Meirihluti fjáreigna félagsins ber ekki vexti. Vaxtaberandi fjáreignir bera takmarkaða vaxtaáhættu vegna sveiflna á markaðsvöxtum. Vaxtaberandi fjárskuldir bera vaxtaáhættu og er henni stýrt með áhættustýringu.

Vaxtaberandi fjármálagerningar greinast þannig á uppgjörssdegi:

	Bókfært verð	
	2017	2016
Fastir vextir		
Vaxtaberandi eignir	977	0
Vaxtaberandi skuldir	(5.604)	(5.712)
	(4.627)	(5.712)
Breytilegir vextir		
Vaxtaberandi eignir	49.970	10.966
Vaxtaberandi skuldir	(185.867)	(187.927)
	(135.897)	(176.961)

Næmigreining gangvirðis vegna vaxtaberandi fjármálagerninga með föstum vöxtum

Félagið færir ekki vaxtaberandi fjármálagerninga með föstum vöxtum á gangvirði og því hafa breytingar á vöxtum ekki áhrif á afkomu félagsins.

Næmigreining sjóðstreymis vegna vaxtaberandi fjármálagerninga með breytilegum vöxtum

Vaxtabreyting um 100 punkta í árslok 2017 hefði hækkað (lækkað) afkomu fyrir tekjuskatt um þær fjárhæðir sem koma fram í töflunni hér fyrir neðan. Greiningin gerir ráð fyrir að allar breytur, sér í lagi gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar og er gerð á sama grundvelli og greining árið 2016.

	2017		2016	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
Fjármálagerningar með breytilegum vöxtum	(1.359)	1.359	(1.770)	1.770
Sjóðstreymisáhrif (nettó)	(1.359)	1.359	(1.770)	1.770

(iii) Önnur markaðsáhætta

Markaðsáhætta myndast af fjáreignum á gangvirði sem færast í rekstrarreikning, aðallega verðbréf.

Verðáhætta er áhættan á því að virði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem er vegna einstakra þátta sem eiga sérstaklega við einstaka fjárfestingu eða þættir sem hafa áhrif á allar fjárfestingar á markaði.

Fjáreignir félagsins sem eru bókfærðar á gangvirði og breytingar á gangvirði eru færðar í yfirlit yfir heildarafkomu, munu breytingar á markaðsaðstæðum hafa bein áhrif fjárfestingartekjur þeirra.

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.:

Markaðsáhætta, frh.:

(iv) Gangvirði

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á gangvirði og bókfærðu virði fjáreigna og fjárskulda:

	31. desember 2017		31. desember 2016	
	Bókfært		Bókfært	
	verð	Gangvirði	verð	Gangvirði
Fjármálagerningar	506.099	506.099	450.508	450.508
Handbært fé	49.970	49.970	3.370	3.370
Bundið handbært fé	0	0	7.596	7.596
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.574	2.574	1.617	1.617
Vaxtaberandi skuldir	(191.471)	(192.620)	(194.437)	(185.850)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(343)	(343)	(367)	(367)
	366.829	365.680	268.287	276.874

Fjallað er um forsendur við ákvörðun gangvirðis í skýringu 3.

Vextir notaðir til að ákvarða gangvirði

Vextir notaðir til þess að núvirða áætlað sjóðstreymi, þar sem við á, er byggt á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa á uppgjörssdegi auk skuldaálags og var eftirfarandi:

	2017	2016
Vaxtaberandi skuldir	3,56% -7,00%	3,88% -8,45%

Eiginfjárstýring

Stefna stjórnar er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu til tryggja framtíðarþróun félagsins. Það er stefna félagsins að greiða arð þegar sjóðstreymi frá fjárfestingum og eiginfjárstaða leyfir. Í árslok 2017 var eiginfjárlutfallið 65,8% (2016: 58,1%).

Stjórnin leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Arðsemi eigin fjár frá stofnun félagsins hefur verið yfir markaðsávöxtun. Arðsemi eigin fjár félagsins er jákvæð um 41,0% á árinu 2017 (2016: 17,0%), aðallega vegna hækkunar á markaðsverði eignarhlutar í Marel hf.

Engar breytingar voru á stefnu félagsins um eiginfjárstýringu á árinu.

Félagið þarf ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu, nema þegar um það er ákvæði í lánasamningum.

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	1.156	987
Móttframlag í lífeyrissjóð	137	109
Önnur launatengd gjöld	103	138
Stjórnarlausn	128	104
Laun og launatengd gjöld alls	1.524	1.338
Stöðugildi í árslok	5	5
Stöðugildi að meðaltali á árinu	5	5
Laun og hlunnindi stjórnenda greinast þannig:		

2017

	Laun	Hlunnindi	Móttframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi samtals
Þórður Magnússon, stjórnarformaður	287	17	30	334
Laun þriggja framkvæmdastjóra	861	2	84	947

2016

Þórður Magnússon, stjórnarformaður	270	23	23	316
Laun þriggja framkvæmdastjóra	738	1	68	807

Hvorki stjórnarformaður né stjórnendur eru með kaupréttarsamninga í árslok 2017 og 2016. Aðeins er hægt að gefa út kaupréttarsamninga með samþykki hluthafafundar.

7. Handbært fé

Sjóður og óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

8. Bundið handbært fé

Engar bankainnstæður eru bundnar í árslok 2017 en í árslok 2016 voru bankainnstæður að fjárhæð EUR 7.596 þúsund bundnar. Bundið handbært fé er til tryggingar greiðslu á langtímaskuldum félagsins.

Skýringar, frh.:

9. Eignarhlutir í verðbréfum

Eignarhlutir í verðbréfum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Gangvirði 31.12.2017	Eignar- hlutur	Gangvirði 31.12.2016
Skráð félög:				
Marel hf., Garðabær	25,9%	490.339	29,3%	438.089
Óskráð félög:				
Eyrir Sprotar slhf., Reykjavík	43,4%	13.726	43,3%	11.971
Eyrir Sprotar GP ehf., Reykjavík	100,0%	2	100,0%	2
Önnur óskráð félög		2.032		446
Samtals óskráð félög		15.760		12.419
Gangvirði eignarhluta í félögum		506.099		450.508

Prepaskipting gangvirðis

Félagið notar prepaskiptingu til þess að skýra mismunandi flokka í mati á gangvirði. Prepin eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

Prep 1: Skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Prep 2: Aðrar forsendur en skráð verð samkvæmt fyrsta prepi sem hægt er að greina fyrir eignina eða skuldina, ýmist beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verði).

Prep 3: Forsendur sem notaðar eru við mat eignar eða skuldar eru ekki byggðar á fánlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

	Prep 1	Prep 2	Samtals
31. desember 2017			
Eignarhlutir í verðbréfum	490.339	15.760	506.099
31. desember 2016			
Eignarhlutir í verðbréfum	438.089	12.419	450.508

Skýringar, frh.:

9. Eignarhlutir í verðbréfum, frh.:

Gangvirði eignarhluta í öðrum félögum

1. janúar - 31. desember 2017

	Prep 1	Prep 2	Prep 3
Bókfært verð 1. janúar 2017	438.089	12.417	0
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	119.129 (	1.476)	0
Sala	(66.879)	(792)	0
Kaup	0	5.611	0
Bókfært verð 31. desember 2017	490.339	15.760	0

1. janúar - 31. desember 2016

Bókfært verð 1. janúar 2016	385.262	45.981	0
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	52.827	1.270	0
Sala	0 (	41.228)	0
Kaup	0	6.394	0
Bókfært verð 31. desember 2016	438.089	12.417	0

Prep 2 gangvirði

Gangvirði byggir á greinilegu inntaki. Nýjasta viðskiptaverð í tengingu við almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir er notað að ákvarða gangvirði og ávöxtunarkrafa hlutabréfa með sömu tímalengd, sem eru virk í viðskiptum.

10. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2017	2016
Fjármagnstekjuskattur	1.100	1.071
Aðrar skammtímakröfur	1.474	546
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.574	1.617

Ekki voru gjaldfærðar niðurfærslur vegna viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna á árunum 2017 og 2016. Engin virðisrýrnun var gjaldfærð á tímabilinu.

Skýringar, frh.:

11. Rekstrarfjármunir Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Stofnverð			
Heildarverð 1.1.2016	2.140	310	2.450
Viðbót á árinu	0	7	7
Selt og niðurlagt á árinu	0 (	4) (	4)
Heildarverð 31.12.2016	2.140	313	2.453
Selt og niðurlagt á árinu	0 (	2) (	2)
Heildarverð 31.12.2017	2.140	311	2.451
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2016	366	179	545
Afskriftir ársins	44	19	63
Staða 31.12.2016	410	198	608
Afskriftir ársins	43	17	60
Staða 31.12.2017	453	215	668
Bókfært verð			
1.1.2016	1.774	131	1.905
31.12.2016	1.730	115	1.845
31.12.2017	1.687	96	1.783
Afskriftahlutföll	2%	20-30%	

Vátryggingaverð fasteigna félagsins var 2.271 þúsund EUR í árslok 2017 (2016: 2.241 þúsund EUR). Fasteignamat var 1.397 þúsund EUR í árslok (2016: 1.231 þúsund EUR). Vátryggingaverð annarra rekstrarfjármuna var 485 þúsund EUR í árslok 2017 (2016: 505 þúsund EUR).

Skýringar, frh.:

12. Eigið fé

Hlutfé, yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár, annað bundið eigið fé

a. Hlutfé	Almenn hlutabréf		B hlutabréf	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Fjöldi hluta	991.123	948.645	0	107.631
Samkvæmt samþykktum	993.308	948.645	0	231.000

b. **Almenn hlutabréf**

Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Almennir hluthafar eiga rétt á arðgreiðslum samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Nafnverð almennra hlutabréfa var 5,6 millj. EUR í árslok (2016: 5,6 millj. EUR).

c. **B hlutabréf**

Hluthafar í flokki B áttu forgangsrétt til arðs umfram hluthafa í flokki A, þar til hluthafar í flokki B hafa fengið greiddan forgangsarð að fullu. Í febrúar 2017 innkallaði stjórn Eyrir alla útistandandi hluti í B flokki með 30 daga fyrirvara. Eigiendur hluta í B flokki höfðu þá, samkvæmt samþykktum félagsins, val um að sæta innlausn hluta sinna eða skipta á þeim og hlutum í A flokki. Eigendur 57% af útistandandi hlutum ákváðu að fá hluti í A flokki í skiptum fyrir sína hluti en eigendur 43% hluta kusu reiðufé. Að loknum viðskiptunum sem fóru fram í mars 2017 eru engir hlutir í B flokki útistandandi.

d. **Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár**

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt. Í samræmi við íslensk lög hefur andvirði 25% hlutfjár verið lagt í lögbundinn varasjóð, sem ekki er heimilt að greiða sem arð.

e. **Óinnleyst gangvirði**

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið binda óinnleystan hagnað af matsbreytingum á fjáreignum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði gegnum rekstur og færa á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta sem arði, að teknu tilliti til skattáhrifa eftir því sem við á. Bundið eigið fé inniheldur einnig hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dótturfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félagi á undirritunardegi.

13. Hagnaður á hlut

Hagnaður til almennra hluthafa (grunnhagnaður og þynntur hagnaður)	2017	2016
Hagnaður ársins	110.028	41.907
Arðgreiðslur vegna forgangsbréfa	0	(1.294)
Hagnaður ársins til almennra hluthafa	110.028	40.613

Vegið meðaltal útistandandi hluta

í þúsundum hluta

Vegið meðaltal útistandandi hluta	981.939	974.701
---	---------	---------

Hagnaður á hlut:

Hagnaður á hlut (í evru sent)	11,21	4,17
Þynntur hagnaður á hlut (í evru sent)	-	3,75

Í árslok 2017 voru engir útistandandi hlutir í B flokki (2016, 107,8 þúsund).

Skýringar, frh.:

14. Vaxtaberandi skuldir Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Meðal vextir		2017	2016
	2017	2016		
EUR	3,9%	4,2%	141.229	141.120
ISK, óverðtryggt	6,8%	8,2%	39.752	41.805
ISK, verðtryggt	5,7%	5,5%	10.490	11.512
Vaxtaberandi skuldir samtals			191.471	194.437

Vaxtaberandi skuldir eru veðtryggt bankalán.

Fjáreignir félagsins eru veðsettar fyrir greiðslu vaxtaberandi skuldir þess. Veðsettar eignir og bókfært virði þeirra greinist þannig:

Eignarhlutur í Marel hf.	374.537	333.632
-------------------------------	---------	---------

15. Afborganir vaxtaberandi skuldir greinast þannig á næstu ár:

	2017	2016
Afborganir 2017	-	819
Afborganir 2018	11.468	10.386
Afborganir 2019	15.152	15.288
Afborganir 2020	15.152	15.288
Afborganir 2021	15.152	15.288
Afborganir 2022	133.590	15.288
Afborganir síðar	957	122.080
Vaxtaberandi skuldir samtals	191.471	194.437

Félagið uppfyllir allar kvaðir í lánasamningum í árslok.

16. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2017		2016	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	110.028		41.907	
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,0%	22.006	20,0%	8.381
Tímabundinn mismunur vegna óskráðrar skatteignar og aðrar breytingar	(20,0%)	(22.006)	(20,0%)	(8.381)
Virkur tekjuskattur	0,0%	0	0,0%	0

Skýringar, frh.:

17. Skatteign

Skatteign félagsins greinist þannig:

	2017	2016
Skatteign félagsins skiptist á eftirfarandi liði:		
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(42.362)	(40.825)
Tímabundinn mismunur fjáreigna og skulda	(643)	(1.533)
Niðurfærð skatteign	43.005	42.358
Skatteign í árslok	0	0

Skatteign er ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar. Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2018 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps frá fyrri árum en það nemur 26,4 milljörðum íslenskra króna.

18. Ábyrgðir

Félagið er ekki í ábyrgðum fyrir dótturfélög sín eða önnur tengd félög.

19. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, forstjóri og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila.

Hluthafar með veruleg áhrif

Landsbankinn hf. er skilgreindur sem tengdur aðili félagsins vegna eignar hluta síns sem er 22,0% í árslok 2017. Félagið fjármagnar sig með eigin fé og lántökum. Landsbankinn hf. hefur verið einn af lánardrottnum félagsins frá stofnun þess.

Viðskipti við tengda aðila

Lántökur frá Landsbankanum hf. að fjárhæð 121,1 millj. evra í árslok 2017 (2016: 122,6 millj. evra) eða 63% af vaxtaberandi skuldum félagsins (2016: 63%). Gjaldfærð vaxtagjöld vegna lána hjá Landsbankanum hf. voru 6,2 millj. evra á árinu (2016: 7,0 millj. evra).

Eyir Invest hf. á bankainnstæður hjá Landsbankanum hf. að fjárhæð 37,988 þúsund evra í árslok 2017 (2016: 10.871 þúsund evra). Vaxtatekjur ársins 2017 voru 1.720 þúsund evrur (2016: 1.052 þúsund evrur).

Öll viðskipti á milli félagsins og Landsbankans hf. eru á armslengdargrunni.